

**SKILMÁLAR** Tripmates og/eða re:discover hópferðir bókaðar í gegnum  
heimasíðu og viðbót við almenna ferðaskilmála KILROY

# KILROY

## Almennar upplýsingar

KILROY Iceland ehf

KILROY ÍSLAND

Staðsetning Ármúli 10 - 2. hæð

108 Reykjavík

signuptours@kilroy.net

+354 517 7010

KILROY Iceland ehf - 410911-0350

## Greiðsluaðferðir

Hægt er að greiða með millifærslu og öllum helstu greiðslukortum.

## Réttur til aflýsingar

KILROY hefur rétt til þess að aflýsa ferð ef 1) skráðir eru færri en 4 manns og að hópurinn sé látinn vita eigi síðar en mánuði fyrir brottför, 2) aflýsing vegna ófyrirséðra aðstæðna og/eða utanaðkomandi þátta sem hvorki KILROY né aðili á vegum KILROY gat séð fyrir eða komið í veg fyrir þegar samningurinn var gerður.

## Staðfestingargjald

Við bókun á Tripmates og/eða re:discover ferð þarf að borga 15.000 ISK staðfestingargjald. Eigi síðar en 10 vikum fyrir skipulagða brottför er hægt að endurbóka ferð á nýjan brottfarardag eða skipta fyrir aðra Tripmates og/eða re:discover hópferð, ef laust pláss er í ferðina og aldur þátttakanda á nýjum brottfarardegi er enn innan aldurstakmarka. Í tilfellum sem þessum er staðfestingargjaldið notað upp í bókun á nýrri ferð.

Staðfestingargjald er ekki hægt að áframselja og fæst ekki endurgreitt.

## Lokagreiðsla

Lokagreiðsla fyrir alla ferðina skal greiða 60 dögum fyrir brottför. Ef upphæðin hefur ekki borist KILROY á gjalddaga hefur KILROY rétt til að rifta samningnum.

## Friðhelgisstefna

<https://www.kilroy.is/um-okkur/privacy-policy>

Skilmálar þessir voru síðast uppfærðir þann 23-09-2023